Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

34. tölublað Þriðjudagur 12. september 1978 7. árg. verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

„Ný" efnahagsstefna



Svokölluð vinstristjórn hefur hleypt af stokkunum nýrri efnahagsstefnu. Sennilega á hún þó ekkert skylt við aðra fræga efnahagsstefnu, NEP-stefnuna í Sovétríkjunum. Samt streitast höfundar hennar við að kenna hana við alþýðuna eða að minnsta kosti telja hana fyrir verkalýðshreyfinguna gerða.

Hvað felst svo í þessari nýju efnahagsstefnu?

Jú, matvörur lækka í verði sem nemur afnámi söluskattsins, teknanna aflað meðal annars með sk. hátekjuskatti. Vísitölukerfið "endurskoðað". Atvinnureksturinn skattlagður. Kaup fryst í eitt ár.

Einn þingmaður AB setti sig upp á móti stjórninni af því að hún " stefndi ekki að kerfisbreytingu". Blaðamaður spurði þingmanninn í hverju breytingarnar ættu að vera fólgnar. Jú, ekki stóð á svarinu: Stöðvun heildsalabrasksins. Þetta eitt var eftir af " sósíalisma " Alþýðubandalagsins.

Hátekjuskatturinn

Þessi skattur er afturvirkur þannig að nær til tekna síðastliðins árs. Markið er 4,7 miljónir fyrir hjón. Hjónin mega því hvort um sig hafa um það bil 2,3 miljónir í tekjur.

Þar höfum við það, barnaskólakennari er hátekjumaður því laun hans eru 200.000 á mánuði eða um 2,4 miljónir á ári. Þetta þykja sjálfsagt góð tíðindi fyrir kennarana sem hingað til hafa ekki verið alltof vel haldnir til launa þótt þeir séu mun betur settir en verkafólk.

Raunverulega hátekjufólkið, atvinnrekendur, skaðast ekki par af þessum skatti enda er skattaframtal þeirra með mun lægri tölum en kennarans.

Þarna er því ekki verið að ráðast að hagsmunum hátekjumanna nema að litlu leyti. Raunverulegu hátekjumennirnir, atvinnurekendur og þeir sem skammta sér sjálfir laun, greiða lítinn sem engan skatt hvort sem er en njóta góðs af lækkuðu vöruverði.

Skattur á fyrirtæki og félög.

Þjóðviljinn sagði frá því með talsverðu stolti nýlega að tekjuskattur á fyrirtæki hækkaði um 100%. Þetta er falleg tala og víst nokk halda menn að þetta sé svona gott.

En við megum ekki gleyma að þessi sami Þjóðvilji sagði frá sköttum þessara sömu fyrirtækja rétt eftir útkomu skattskrárinnar í Reykjavík. Skv. því voru þau öll með lágan tekjuskatt og mörg Eins og allir vita þá heldur 0 áfram að vera 0 þótt það sé hækkað um 100%.

Kaupfrysting

Í tillögunum er líka gert ráð fyrir að kaup sé fryst í eitt ár eða fram til 1. des. 1979. Jafnframt á að " endurskoða" vísitölukerfið? Hvernig á að endurskoða vísitölukerfið og af hverju?

Þeir álíta megingalla þess kerfis vera víxlhækkun kaups og verðlags sem hún (vísitalan) veldur. Hingað til hefur vísitalan verið eitt af því sem haldið hefur kaupinu uppi þrátt fyrir að hún sé margfölsuð.

Það er hrein svívirða að flokkar sem bauluðu um kauprán í vor og sumar skuli nú nota strengjabrúður sínar innan verkalýðshreyfingarinnar til að standa fyrir engu minni kjaraskerðingu.

Það skiptir verkafólk engu máli hvernig laununum er stolið. Í staðinn fyrir beina kaupskerðingu á að lækka mat vöru sem svarar söluskattinum.

framhald á síðu 2.

Frystihúsin

Þann 1. sept. síðast liðinn áttu að koma til framkvæmda stórfelldar lokanir á frystihúsunum. Ekkert varð þó úr þessum hótunum frystihúseigenda. Hvers vegna voru þeir þá að hóta að loka og segja upp hundruðum manna? Líklega hefur tilgangurinn einungis verið sá að "þrýsta" á stjórnvöldum að lækka gengið verulega. Þetta var gert og nú geta frystihúseigendur aukið gróðahlutfall sitt til muna.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að atvinnurekendurnir lokuðuðu einnig til að fá tíma til að endurnýja og lagfæra vélakostinn meðan á þessu stóð. Nú eru þeir tilbúnir í slaginn aftur.

Ekki hugsa þessir auðherrar hið minnsta um það að hundruðir manna hefðu orðið atvinnulausir. Og þessir hundruðir manna hafa fyrir ennþá stærri hóp fólks að sjá. Það eina sem þessir gróðapungar hugsa um er sóknin í hámarksgróða. Það skyldi enginn ætla að meðan á þessum "erfiðleikum" stóð hafi þeir hert að sér sultarólina. NEI, þeir keyra um á Rance Rovernum, eiga 300 fm. villur, sumarbústað, fara nokkrum sinnum á ári til sólarlanda (auðvitað á kostn að fyrirtækisins). Síðan er fyrirtækið rekið með bullandi tapi á pappírunum. Það er ekki mikill vandi fyrir þessa herra að láta allt líta þannig út að það sé að fara til andskotans, til þess hafa þeir margir hverjir gengið menntaveginn.

Það er verra fyrir fátækan verkamann að svíkja undan skatti þær fáu krónur sem hann vinnur sér inn.

Það er sama hvar alþýðan tillir niður fæti, alls staðar mætir hún bröskurum og auðmönnum sem reyna að mergsjúga hana. Á vinnustaðnum, þegar hann reynir að fá leigt, byggja yfir sig, kaupa í matinn eða hvað sem vera vill. Ríkisvaldið sér svo til þess að þær fáu krónur sem eftir eru fara í Ríkishítina.

Verkafólk verður að sameinast í baráttunni gegn þessum ófögnuði. Sameiginleg barátta leidd af mönnum sem sýnt hafa í verki að þeir hafa enga aðra hagsmuni en alþýðunnar, er eina leiðin til sigurs.

Hitt er svo annað mál að í því þjóðfélagi sem við lifum í, þá verður aldrei um að ræða neinn jöfnuð. Vegna þess að ríkisvaldið er í þágu braskara og á meðan því verður ekki breytt, þá kemst ekki á réttlæti í reynd.

Ef við snúum okkur aftur að frystihúsunum, þá hlýtur það að vekja furðu að á sama tíma og verðið fyrir útflutningsvöruna hefur aldrei verið hærra, þá skuli allt vera í "kalda kolum" hér heima. Ekki er hægt að kenna því um að launin séu svo há. Þetta fólk sem aflar nær allra þjóðarteknanna ber minnst úr býtum.

Fimm ára afmæli fasistastastastjórnarinnar í Chile



Frá Chile stuttu eftir valdaránið.



Pinochet hershöfðingi og valdaklíka hans heilsa þjóðinni, þar sem þeir eru á leið frá guðsþjónustu á sjálfstæðisafmæli Chile.

Eflaust hefði engin getað sagt fyrir einu ári síðan að fasista stjórnin í Chile mundi lenda í svo miklum erfiðleikum eins og raun ber vitni í dag, og hægt væri að tala um " almenna kreppu einræðisins". Kreppan er án efa eðlileg þróun af því sem gerst hefur þau fimm ár sem Pinochet hefur verið við völd. Engum hefur dottið í hug að erfiðleikarnir myndu koma í ljós jafnskjótt og raun ber vitni.

Í þessari grein og þeirri næstu er ætlunin að lýsa þeim mismunandi greinum af því sem við köllum " almenna kreppu einræðisins". Við getum skipt þessu í efnahagskreppu, þjóðfélagskreppu pólitíska kreppu, kreppu innan hersins, og síðast en ekki síst móralska kreppu.

1. Efnahagskreppan.

Eins og allir vita þá er það stefna stjórnar Pinochets að auka útflutning og lokka til landsins erlent fjármagn. Til þess að ná þessu marki sínu hefur stjórnin "opnað dyr Chile" fyrir erlendu fjármagni og lokað fyrir þá stefnu, sem allt frá byrjun 3. áratugsins hefur verið við líði, að fara leið protektionismans (haftastefna), sem hefur gert það mögulegt að byggja upp innlendan iðnað. Í kjölfar þess voru launin lækkuð töluvert til þess að skapa góða sam-

framhald á síðu 2.

LEIÐARI

Frelsið

Það hefur oft verið sagt að frelsið sé undirstaða lýðræðisins. Þau ríki sem kenna sig við lýðræði haga sér þó oft á tíðum kannski einkennilega þegar spurningin um frelsi varðar önnur ríki.

Bandaríkin hafa viljað láta líta á sig sem helstu boðbera frelsis í heiminum. Reynslan hefur þó oft á tíðum verið nokkuð önnur en sá skilningur sem flestir leggja í þetta orð, frelsi.

Atvinnurekendur í auðvaldsþjóðfélaginu telja það vera frelsi að fá óhindrað að slá eign sinni á afurðir mannlegrar vinnu. Hver sá sem efast um að þess konar frelsi sé réttlátt er stimplaður sem óvinur frelsisins. En hverjir eru það sem eru óvinir þessara hlutverkaskiptingar í þjóðfélaginu. Eru þeir í raun andstæðingar frelsis manna á vinnumarkaðinum. Eru þetta ekki einmitt þeir sem standa fyrir frelsi sjálfra framleiðandanna undan arðráni kapítalistanna. Barátta sósíalista miðast að því að skapa annarskonar frelsi, en sem byggist á arðráni manns á manni. Þetta er hornsteinn sósíalísks þjóðskipulags, frelsun meginþorra þjóðfélagsins undan drottnun auðsins yfir manninum.

Þegar sósíalistar tala um frelsi eiga þeir við nýtt frelsi eiga þær við sitt eigið frelsi til að kúga aðrar þjóðir. Sérstaklega þjóðir þriðja heimsins, sem ekki hafa bolmagn til að bera hendur fyrir höfuð sér.

Valdarán herforingjaklíkunnar í Chile fyrir fimm árum naut stuðnings Bandaríkjanna til þess eins að treysta arðránsstöðu sína í S-Ameriku. Bandaríkin gátu ekki þolað að eitt af þeim ríkjum sem skapað hafði þeim miljarða gróða í gegnum árin væri með tilburði til að verða sjálfstætt ríki. Slíkt og þvílíkt álitu Bandaríkin beina ógnun við ameríska frelsið. sem þeir höfðu boðað í árhundruð. Þess vegna studdu þeir böðulsverk Pinosetts í Chile og þess vegna hafa þeir haldið uppi fasistastjórnunum um þvera og endilanga S-Ameríku. Ameriska frelsið hefur leitt blóðugar styrjaldir yfir miljónir saklausra borgara þriðja heimsins. Engin þjóð hefur háð jafnmörg stríð og Bandaríkin eftir að síðari heimstyrjöldinni lauk og engin þjóð ber jafnmikla ábyrgð á hörmungum þeim sem dunið hafa yfir ríki þriðja heimsins. Samt segist þetta ríki vera boðberi hins fullkomna frelsis. ameríska frelsisins. En þetta frelsi táknar að arðræna og kúga önnur ríki. Gegn þessu berjast sósíalistar fyrir sjálfstæði og fullveldi allra ríkja til að ráða sínum málum sjálf. Þeir berjast fyrir frjálsum heimi, sem er laus við styrjaldir og örbirgð. Þetta er hið raunog fullkomið frelsi, sem er algjörlega andstætt frelsi kapítalistanna. Frelsi kapítalistanna hefur og mun ætíð tákna ófrelsi fyrir meginþorra þjóðarinnar. Þegar stórþjóðirnar Bandaríkin og Sovétríkin tala um verulega frelsi sem allir arðrændir og kúgaðir sameinast í gegn hinum alþjóðlega kapítalisma og heimsvaldastefnu. Það er því mikilvægt að vita um hvers konar frelsi menn eru að tala þegar þeir nota þetta orð. Eins og öll önnur hugtök hefur þetta stéttarlegt inntak, sem nauðsynlegt er að þekkja ef hægt á að vera að meta innihald þess.

Verkafólk og vinnandi alþýðahefur ætíð barist fyrir annarskonar frelsi en því sem kapítalistarnir telja hið eina rétta, Verkafólk verður að læra að þekkja sinn vitjunartíma og hefja baráttu fyrir umsköpun þjóðfélagsins. Í þeirri baráttu skiptist fólk í andstæðar fylkingar eftir því hvort þeir eru fulltrúar einkaeignar kapítalismans eða sameignar sósíalismans, verkamenn og launþegar eða eigendur auðmagnsins og framleiðslutækjanna.

Endalok þessarar baráttu getur aðeins endað með sigri alþýðunnar og sósíalismans. Engin má láta villa sig af réttri leið. Hver sá sem kennir sig við verkalýðshreyfinguna og sósíalisma, en berst ekki fyrir valdatöku verkalýðsins þjónar auðmannastéttinni. Slíkum mönnum verður verkafólk að hafna sem leiðtogum í baráttunni. Þeir munu aðeins leiða hreyfinguna til glötunar og enn meiri hörmunga.

Hlustum því vel eftir því hvort þeir sem hér á landi kenna sig við sósialisma og verkalýðshreyfinguna vilja breyta þjóðfélaginu með valdatöku verkalýðsins eða ekki. Ef þeir vilja viðhalda núverandi þjóðskipulagi eins og til dæmis Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, þá eru þeir fimmta herdeildin í herbúðum verkalýðsins. Þeir hafa sama skilning og auðherrarnir hvað er frelsi og sjálfstæði. Leiðsögn slíkra flokka mun aðeins leiða verkalýðshreyfinguna til endalausra ósigra ef þeim er treyst fyrir leiðsögninni. Þeir eru þjóðfélagsleg höfuðstoð kapítalistanna innan verkalýðshreyfingarinnar.

MELCHIOR

Framhald af síðu 5.

Stærsti kosturinn við "Silfurgrænt ilmvatn" er að hún gefur íslensku tónlistarmellunum langt nef. Það er orðið langt síðan hljómsveit hefur leitað út fyrir hinar hefðbundnu sölutónlistarleiðir á hljómplötu hérlendis. Ennþá lengra er síðan óþekkt nafn neitar að taka þátt í gróðahjólinu. Plata sem hefur ekki inni að halda gamlar "lummur", ameríska sveitaslagara eða vélræna "disco" - tónlist mun nefnilega vart seljast. Hún stingur of mikið í stúf. Það er því hætt við að "Silfurgrænt ilmvatn" seljist ekki. Og þá er hætta á að langt líði þar til Melchior sendir frá sér aðra plötu.

-jkg.

"LÝÐRÉTTINDI" Í V-ÞÝSKALANDI

framhald af baksíðu

(furðulegt að þeim skyldi vera hleypt inn, nema að nota hefði átt þetta sem auglýsingu) að maðurinn sat í blóði sínu á bekknum, svo varla hefur hann sýnt nein óeðlileg fljót viðbrögð, svo sem að spretta á fætur til að koma sér undan er hann hafði skotið lögreglumanninn. Ennfremur er þýska lögreglan vön að hafa byssur uppi við er hún telur sig vera að yfirheyra vopnaða afbrotamenn. Ekki sakar að geta þes að engan veginn er ljóst hvort maður þessi á nokkurn hlut að máli Sleyers, hann var aðeins grunaður og fé lagt til höfuðs honum. (7. miljónir ísl.kr.).

Það er kannski athyglisverðast við allt þetta að það eru sósíaldemókratarnir sem þarna halda um stjórnvölinn, reyndar gerðu þeir það líka er Hitler komst 1933. Nú eins og þá verja þeir ofbeldis aðgerðir auðvaldsins til síðasta blóðdropa.

Chile-fundur

Þann 11. september s.l. hélt Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu, fund í Félagsstofnun stúdenta, í tilefni þess að 5 ár eru liðin síðan stjórn Allende var steypt af stóli og fasistastjórn Pinochets tók við völdum.

Til skemmtunar og fróðleiks var m.a.: Erla Sigurðardóttir flutti erindi um hagi pólitískra fanga í Chile. Sagði hún meðal annars að a.m.k. 2000 manns hafa horfið sporlaust síðan Pinochet hrifsaði völdin í sínar hendur. Hún sagði nokkur dæmi um fólk sem hefur sést í fangelsi fasistastjórnarinnar. Þessi hrottaskapur stjórnvalda í Chile hafa mætt mikilli andstöðu bæði innanlands og utan. Eftir að Erla hafði lokið máli sínu, fluttu Þorlákur Morthens og Ásbjörn Kristinsson nokkra baráttusöngva. Síðan var gert stutt hlé. Af því loknu flutti Bragi Guðbrandsson formaður SINE, erindi um Allende-tímabilið og valdaránið 1973. Þá tók Tunglskinstríóið við og flutti nokkur baráttulög. Þau fluttu m.a. eitt lag sem samið var sérstaklega í tilefni fundarins og verður texti þess birtur hér í blaðinu. Fundinum lauk með því að Ingibjörg Haraldsdótttr flutti ávarp um tilefni fundarins og las ljóð eftir Victor Jara sem er orðinn að tákni hjá Chilebúum í baráttunni gegn fasistastjórn Pinochets, en hann var drepinn á Chile-leikvanginum af morðhundum fasistastjórnarinnar í september 1973.

Í gærnótt mig dreymdi
að komið væri stríð
í draumnum mér heyrðist
ég heyra skothríð

Þeir skutu á mæður og börn

Þeir keyrðu um strætin
á byssudrekum tveim
og mér sýndist þeir stefna
beint hingað heim

Þeir skutu á mæður og börn

Ég vaknaði þegar við það
að þeir beindu byssum að þér
Ó, mamma, fyrirgefðu mér

Hjálpað þér lítið ég gat
á mót þeirra morðfýsnivél
Því hendur mínar þeir brutu
í mél

Við stöndum saman
hann, ég og þú
því það sem við eigum
er von, ást og trú

En þeir skjóta enn á mæður
og börn

Friðrik Erlingsson



Frá Chile-fundinum.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11N:220
222 46 LUND.

"NÝ" EFNAHAGSSTEFNA

framhald af forsíðu

Síðan er það einfalt reikningsdæmi hvort launþegar hagnist á þessari nýju efnahagsstefnu eða ekki.


Hætt er við að lítið verði eftir af ársgömlu kaupi eftir 50% verðbólguár.

Þessi ríkisstjórn er ekki stjórn verkalýðsins. Hún er eins og sú fyrri tæki til að viðhalda óréttinum í þjóðfélaginu.

Aðgreining þriggja heima er vísindaleg marxisk úttekt á núverandi heimsástandi

Kenning Mao tse tung um hina þrjá heima, hefur valdið miklum deilum innan heimshreyfingar marx-lenínista. Hæst risu þessar deilur, nú fyrr í sumar með formlegum vinslitum milli Kínverja og Albana. Albanir hafa haldið því fram að þessi vísindalega greining Maós á ástandinu í heiminum í dag sé endurskoðunarsinnuð, og til þess eins að villa alla einlæga baráttusinna fyrir frelsi og sósíalisma af réttri leið. Í ljósi alls þessa er mjög mikilvægt að allir and-heimsvaldasinnar og baráttusinnar fyrir frelsun verkalýðsstéttarinnar kynni sér mjög vel þær kenningar sem liggja til grundvallar fyrir þessum þessum ágreiningi. Ritnefnd Stéttabaráttunnar vonar að þessi grein sem tekinn er úr ritstjórnargrein Dagblaðs Alþýðunnar í Kína geti orðið kveikja að áframhaldandi rannsókn á deilum þessum.

Þetta er síðasti hlutinn í þessum kafla og birtist tilvitnanalisti þess með.



fjórði hluti

Á sama hátt, sameinaðist hann að stríðinu loknu öllum þeim and-heimsvaldasinnuðu og lýðræðislegu öflum sem hægt var að sameina. Á þann hátt tókst honum að steypa afturhaldsstjórn Þjóðernissinnaflokksins af stóli og stofna Alþýðulýðveldið Kína undir forræði alræðis öreiganna. Á árunum eftir stríð, þyrlaði bandaríska heimsvaldastefnan upp ákönu andsovésku moldviðri. Maó formaður afhjúpaði hinn raunverulega tilgang þessara ramakveina, af óvenjulegri skarpskyggni. Hann benti á, að "Bandaríkin og Sovétríkin væru aðskilin af víðáttumiklu svæði, sem tæki yfir mörg auðvaldslönd, nýlendur og hálfnýlendur í Evrópu, Asíu og Afríku" og að "raunverulegt takmark andsovéskra slagorða Bandaríkjanna nú, er kúgun amerískrar alþýðu og útþensla bandarísks herafla um hinn kapitaliska heim." [26] Maó formaður hvatti alþýðu Ameríku og allar þjóðir og alla alþýðu sem bjó við árásarógnir Bandaríkjanna til að sameinast og snúast gegn áhlaupi bandaríska afturhaldsins og handlangara þess. Samsvaraði þessi skilgreining Maó formanns hlutlægum veruleika hinnar alþjóðlegu stétta baráttu á þeim tíma? Hún gerði það augljóslega. Enginn getur efast um það, þar sem atburðarásin þá og síðan hefur staðfest sannleiksgildi þessarar skilgreiningar. Átökin um Súezskurðinn 1956 vörpuðu ljósi á þá staðreynd, að móthverfurnar milli heimsvaldaríkjanna höfðu dýpkað. Maó formaður benti á það þá, að: " Með tillliti til þessara átaka getum við nákvæmlega hvar þungamiðja baráttunnar í heimi samtímans liggur. Móthverfan milli heimsvaldalandanna og sósíalísku landanna er vissulega mjög skörp. En heimsvaldalöndin eiga nú í innbyrðis samkeppni um yfirráðin yfir ýmsum landsvæðum, undir því yfirskyni að þau séu að berjast gegn kommúnismanum. ... Í Miðausturlöndum, kljást tvenns konar móthverfur og þrenns konar öfl. Þessar tvenns konar móthverfur eru: í fyrsta lagi móthverfan milli ýmissa heimsvalda, þ.e. milli Bandaríkjanna og Bretlands og milli Bandaríkjanna og Frakklands, og í öðru lagi móthverfan milli heimsveldanna og kúguðu þjóðanna. Hin þrenns konar öfl eru: í fyrsta lagi Bandaríkin, stærsta heimsveldið, í öðru lagi Bretland og Frakkland, minniháttar heimsvaldalönd og í þriðja lagi kúguðu þjóðirnar." [27] Samsvaraði þessi skilgreining Maó formanns hlutlægum raunveruleika alþjóðlegra stéttabaráttu á þeim tíma? Augljóslega gerði hún það. Enginn getur efast um þetta, því atburðarásin þá og síðar hefur sömu leiðis sýnt fram á sannleiksgildi hennar. Það er ekki erfiðleikum bundið, að greina það hér, að kenning Maó formanns um þrenns konar öfl, var forveri kenningar hans um þrjá heima. Munurinn felst aðallega í þáverandi tilvist sósíalískra herbúða, hversu fallvaltar sem þær annars voru. Síðar, þegar Krúsjeff-Bresnjeff klíkan hafði fullkomlega svikið málstað kommúnismans, var kapitalisminn endurreistur í Sovétríkjunum þau hnignuðu og breyttust í sósíalheimsvaldasinnað land. Það er að vísu satt að Kína er til og einnig önnur sósíalísk lönd, en það sem eitt sinn voru sósíalískar herbúðir er nú ekki lengur við lýði, né krefjast sögulegar kringumstæður þess að þær verði skapaðar að nýju. Á sama tíma hættu mörg lönd í herbúðum heimsvaldastefnunnar að taka við fyrirskipunum frá Bandaríkjunum og stóðu jafnvel uppi í hárinu á þeim. Flestar nýlendur og hálfnýlendur í Afríku, Asíu og Latnesku Ameríku lýstu yfir sjálfstæði sínu, hver á fætur annarri, eftir harða baráttu. Eftir tímabil mikillar upplausnar, mikils glundroða og uppstokkunar, standa pólitísk öfl veraldarinnar nú andspænis nýju sögulegu ástandi. Á 7. áratugnum hafði ráðandi klíka Sovétríkjanna þegar svikið sósíalismann í miklum mæli, en eigi að síður héldu Bandaríkin áfram að vera höfuðfjandmaður alþýðu heimsins um tíma. En eftir röð alvarlegra atburða, breyttust Sovétríkin ekki aðeins í heimsvaldasinnað risaveldi sem ógnaði heiminum á sama hátt og Bandaríkin, heldur urðu þau varhugaverðasta uppspretta nýrrar heimsstyrjaldar. Svik hinnar ráðandi klíku í Sovétríkjunum, leiddi óhjákvæmilega til sundrungar í ýmsum myndum og olli tímabundnum örðugleikum innan hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar og í alþjóðlegri byltingarbaráttu andheimsvaldasinna. Hvað á að taka til bragðs? Getum við lokað augunum fyrir þeim atburðum sem áttu sér stað á þessu tímabili og látið svo sem herbúðir heimsvaldasinna og herbúðir sósíalismans séu enn fyrir hendi í veröldinni og litið á andstæðurnar milli þessara tveggja sem höfuðmóthverfuna í alþjóðastjórnmálum? Getum við einfaldlega útilokað Sovétríkin og þau lönd sem lúta þeim frá herbúðum sósíalismans og haldið fast við formúluna og ályktað sem svo, að ef sósíalísku löndin eru undanskilin, séu öll önnur lönd óaðskiljanleg ur afturhaldsmassi sem myndi auðvaldsheiminn? Greinilegt myndi þetta aðeins verða til þess að alþýða heimsins gæti hvorki séð staðreyndirnar glögglega né heldur réttar úrlausnir í framtíðinni. Geysilegar breytingar á núverandi alþjóðaástandi og dagleg efling alþýðunnar krefst nýrrar flokkunar stjórnmálaaflanna í heiminum, svo hægt sé að setja fram hnattfeðma stjórnlist fyrir hina alþjóðlegu öreigastétt og kúgaða alþýðu, sem samræmist hinum nýju afstæðum milli okkar sjálfra, vina okkar og óvina okkar. Kenning Maó formanns um þrjá heima fullnægir einmitt þessari kröfu. Kenningin útskýrir ljóslega ástandið: Tvö heimsvaldasinnuð risaveldi, Sovétríkin og Bandaríkin tilheyra fyrsta heiminum. Þau eru orðin stærstu arðræningjar, kúgarar og yfirgangsseggir veraldar og sameiginlegir óvinir alþýðu alls heimsins og baráttan milli þeirra mun óhjákvæmilega leiða til nýrrar heimsstyrjaldar. Samkeppni risaveldanna tveggja um heimsyfirráð, skaðinn sem þau valda alþýðu allra landa og andspyrna alþýðunnar gegn þeim - þetta er orðið helsta vandamál alþjóðastjórnmála í dag. Sósíalísku löndin, kjarni hinnar alþjóðlegu öreigastéttar og kúguðu þjóðirnar sem búa við hörðustu kúgunina, mynda þriðja heiminn. Þessir aðilar standa í fremstu víglínu baráttunnar gegn risaveldunum tveimur og eru aðalaflið í alheimsbaráttunni gegn heimsvaldastefnu og drottnunarstefnu. Þróuðu löndin sem standa milli þessara tveggja heima, mynda annan heiminn. Þau arðræna og þrælka kúguðu þjóðirnar en verða samtímis að beygja sig undir eftirliti og ofbeldi risaveldanna. Þau eiga tvíþætt eðli og eiga í andstæðum bæði við fyrsta og þriðja heiminn. En þau eru samt sem áður afl, sem þriðji heimurinn getur unnið til fylgis eða sameinast í baráttunni gegn drottnunarstefnunni. Þessi kenning dregur saman stjórnlistarlegar forsendur mikilvægustu stéttabaráttu samtímans, en í henni myndar alþýða alls heimsins aðra hinna stríðandi hliða, en risaveldin tvö hina. Stéttabaráttan innan hinna ýmsu landa er í rauninni óaðskiljanleg frá stéttabaráttunni á heimsmælikvarða. Þess vegna er kenningin um aðgreiningu þriggja heima, yfirgripsmesta umfjöllun hinna ýmsu grundvallarmóthverfa í heimi samtímans. Þessi vísindalega kenning Maó formanns hefur auðgað fræðikenninguna um ójafna þróun heimsvaldastefnunnar og móthverfurnar milli heimsvaldalandanna sem ófrávíkjanlega leiða til styrjaldar. Hún hefur einning auðgað fræðin með tilliti til sósíalheimsvaldastefnunnar, baráttu kúgaðra þjóða sem mikilsverðan þátt sósíalískrar byltingar hinnar alþjóðlegu öreigastéttar, gagnkvæma samstöðu öreiga heimsins, sósíalísku landanna og þjóðfrelsishreyfinganna og með tilliti til stjórnlistar og baráttuaðferðar öreiga byltingarinnar - en allt eru þetta mikilvæg framlög til marxismans- lenínismans.

Ekki er að undra, að sovéskir sósíalheimsvaldasinnar ráðist heiftarlega gegn þessari snjöllu kenningu Maó formanns. Það er ekki hægt að ætlast til þess af þeim að þeir viðurkenni, að Sovétríkin hafi orðið sósíalheimsvaldasinnað risaveldi undir þeirra stjórn, ekki frekar en hægt er að ætlast til að liðhlaupar og yfirgangsseggir viðurkenni sitt rétt andlit. Þeir rægja kenninguna um þrjá heima af alefli og segja hana hafna stéttabaráttunni og afmá greinarmuninn milli sósíalískra og kapítalískra landa osfrv. Skömmum þeirra er ekki aðeins beint gegn Maó formanni, þeim mikla marxista og hinum mikla Kommúnistaflokki Kína, heldur er þeim einnig ausið yfir mikilmennin Marx, Engels, Lenín og Stalín. Því eins og sýnt hefur verið fram á, er kenning Maó formanns um aðgreiningu þriggja heima í grundvallaratriðum fyllilega í samræmi við þann mælikvarða sem Marx og Engels lögðu á aðgreiningu stjórnmálaaflanna í Evrópu á ofanverðri 19. öld, en þeir gengu út frá afstöðu þeirra til Rússneska keisaradæmisins. Á sama hátt samræmist hún flokkun Leníns á heiminum, en hann skipti honum í þrjá hópa að lokinni fyrri heimsstyrjöldinn. Hún er einnig í samræmi við skiptingu Stalíns á löndum veraldar á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina í árásargjörn lönd og ekki-árás



Í Kína er það alþýðan sem ræður förinni.

framhald á síðu 4

Aðgreining þriggja heima er vísindaleg marxísk úttekt á núverandi heimsástandi

framhald af síðu 3


argjörn lönd og í fasísku herbúðirnar til aðgreiningar frá andfasísku herbúðunum meðan á styrjöldinni stóð. Ennfremur er kenning Maó formanns rökrétt framþróun á kenningum þeirra um aðgreiningu stjórnmálaafla veraldarinnar. Það er rétt, að þeir sem ákafast formæla kenningunni um þrjá heima, útnefna sig sjálfa sem "dygga fylgigmenn" við málstað Leníns, en getum við dæmt einstakling út frá orðum hans einvörðungu en ekki gjörðum hans? Ef þeir eru dæmdir eftir gjörðum sínum, verður þá ekki augljóst, að það eru þeir sem hafa svikið öreigana í stéttabaráttunni og valdið úrkynjun sósíalísks ríkis í kapital~~ísku ríki?~~

Í heimalandi okkar eru einstaklingar sem eru ákafir andstæðingar kenningar Maó formanns um þrjá heima. Þessir einstaklingar eru engir aðrir en Wang Hung-wen, Chang Chung-chiao, Chiang Ching og Yao Wen-yuan, eða "klíka fjórmenninganna" eins og þeir eru kallaðir. Undir merkjum ógnanlegrar "byltingarstefnu" snerust þeir gegn stuðningi Kína við þriðja heiminn, höfnuðu tilraunum Kína til að sameinast öllum sem hægt var að sameina og snerust öndverðir gegn því að við berðumst gegn hættulegasta óvininum. Þeir reyndu árangurslaust að tálma sköpun alþjóðlegrar samfylkingar gegn drottnunarstefnu og hindra baráttu Kína gegn drottnunarstefnunni og gerðu þannig Sovétríkjunum vænan greiða. Að vissu leyti höfðu skemmdarverk þeirra skaðleg áhrif, en flokkur okkar og ríkisstjórn hafa einarðlega aðhyllst byltingarsinnaða utanríkisstefnu í anda Maó formanns. "Klíka fjórmenninganna" var á engan hátt fulltrúi fyrir kínverska alþýðu. Þeir eru svikarar sem kínversk alþýða hefur snúið baki við. Það gildir einu hversu mjög sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir og "klíka fjórmenninganna" formæla kenningunni um þrjá heima, sannleiksgildi hennar fær staðfestingu í því sem raunverulega gerist í alþjóðastjórnmálum í dag. Áhrif hennar fara því stöðugt vaxandi. Í pólitískri skýrslu til 11. þjóðþings Kommúnistaflokks Kína segir Hua Kuo-feng formaður: "Kenning Maó formanns um aðgreiningu þriggja heima, veitir rétta leiðsögn í samtíma baráttu á alþjóðavettvangi og skilgreinir ljóslega aðalbyltingaröflin, höfuðfjandmennina og milliöflin sem hægt er að vinna til fylgis og sameinast. Hún gerir hinni alþjóðlegu öreigastétt þannig kleyft að sameinast öllum öflum sem hægt er að sameina til að skapa eins víðtæka samfylkingu og mögulegt er í stéttabaráttunni gegn höfuðóvininum á heimsmælikvarða." Þessi kenning fullnægir ekki aðeins stjórnlistarlegum kröfum alþjóðlegrar baráttu öreiganna og kúgaðrar alþýðu og þjóða heimsins í dag. Hún fullnægir líka stjórnlistarlegum kröfum baráttunnar fyrir sigri sósíalismans og kommúnismans. Hún mun efla alþýðu heimsins til dáða í sameinaðri tilraun hennar til að vinna stóra sigra í baráttunni gegn heimsvaldastefnu og drottnunarstefnu, og vegvísirinn er staðföst og afdráttarlaus stjórnmálastefna.

Listi yfir tilvitnanir.

1. V. I. Lenín, "Umræðurnar um sjálfsákvörðun dregnar saman" Coll. Works, Vol. 22.
2. J. V. Stalín, "Grundvöllur lenínismans" Works, Vol. 6.
3. Mao Tse-tung, "Stuðningsyfirlýsing við réttláta baráttu afrískættaðra amerikumanna gegn kynþáttakúgun bandarískra heimsvaldasinna" 8. ágúst 1963.
4. Mao Tse-tung, "Nýleg vandamál í bardagaaðferðinni innan japönsku samfylkingarinnar".
5. V. I. Lenín, Níunda Alrússneska Ráðstjórnarþingið" C. W. Vol. 33.
6. J. V. Stalín, "Tvær herbúðir" Works, Vol. 4.
7. V. I. Lenín, "Skýrsla nefndar um þjóðernis-og nýlendumálið" flutt á II. þingi Kominterns, C. W. Vol. 31.
8. J. V. Stalín, "Grundvöllur lenínismans" Works, Vol. 6.
9. K. Marx og F. Engels, "Um Pólland" C. W. of K. Marx and F. Engels Vol. 4.
10. "Marx to S. Meyer and A. Vogt, april 9. 1870" Selected correspondance of Marx and Engels.
11. V. I. Lenín, Umræðurnar um sjálfsákvörðunarréttinn dregnar saman" C. W. Vol. 22.
12. F. Engels, "Utanríkisstefna rússneska keisaraveldisins" C. W. of K. Marx and F. Engels, Vol. 22.
13. "Söguleg örlög kenninga Karls Marx" V. I. Lenín, C. W. Vol. 18.
14. V. I. Lenín, "Skopmynd af marxismanum og heimsvaldasinnaður ekonómismi" C. W. Vol. 23.
15. V. I. Lenín, "Skýrsla um alþjóðaástandið og grundvallarverkefni Kommúníska Alþjóðasambandsins" C. W. Vol. 31.
16. Sama heimild.
17. Sama heimild.
18. V. I. Lenín, "Heldur fáir, en betri" C. W. Vol. 33.
19. Sovéska tímaritið "Alþjóðleg vandamál", no. 6, 1974.
20. J. V. Stalín, "Grundvöllur lenínismans" Works, Vol. 6.
21. J. V. Stalín, "Pólitísk skýrsla miðstjórnarinnar" flutt á 15. þingi.
22. (sama heimild) KFRK(B), Works, Vol, 10.
23. J. V. Stalín, "25 ára afmæli októberbyltingarinnar" Pravda, 7. nóv. 1942.
24. J. V. Stalín, "Efnahagsleg vandamál sósíalismans í Sovétríkjunum".
25. Mao Tse-tung, "Um nýlýðræði" Ritgerðir II.
26. Mao Tse-tung, Viðtal við bandaríska blaðamanninn Önnu Louise Strong, ritgerðir.
27. Mao Tse-tung, "Ræða á ráðstefnu flokksnefndaritara í sýslum, borgum og sjálfsstjórnarumdæmum" Sel. Works Vol. 5.

Fimm ára afmæli fasistastastjórnarinnar í Chile



Fasistastjórnin notaði fótboltavöll í Santiago sem fangelsi fyrir pólitíska fanga. Myndin sýnir nokkra ættingja fanganna sem safnast höfðu saman fyrir utan völlinn, fyrir framan stjórnarherinn, sem voru vopnaðir vélbyssum.

keppnisaðstöðu og frjálsa verslun. Var þessu hátíðlega lýst yfir.

Í dag verða Chilebúar að taka afleiðingunum af þessari glæpsamlegu stefnu í efnahagsmálum: völdin í efnahagslífinu hafa einokast við fimm stórar fjölskyldur, engar nýjar fjárfestingar eru gerðar, atvinnuleysið hefur náð 13% samkvæmt heimildum stjórnarinnar, en almennt er talað um 20 % atvinnuleysi. Iðnaðarframleiðslan hefur algjörlega staðið í stað, skuldir við útlönd aukast dag frá degi. Landbúnaðarframleiðslan minnkaði um allt að 10% (hveiti framleiðslan um 26,7%) Launin liggja um það bil 50% neðar en á árinu 1972. Allt þetta hefur án efa haft mikil áhrif á hina sívaxandi andstöðu alþýðunnar í Chile.

2. Þjóðfélagskreppan

Á þessu sviði eru einkenni kreppunnar mest áberand. er varðar lífsafkomu fólksins, en hún hefur versnað verulega síðustu fimm árin, sem stjórn Pinochets hefur verið við völd. Læknaþjónusta hefur verið gerð að viðskiptagrein í einka eign. Menntun er ekki lengur ókeypis, hungursneyðin erofsa leg (t. d. kirkjan í Santiago þarf að sjá um að fæða 30.000 börn og hefur hún þó úr litlu að moða). Vændi hefur aukist stórkostlega, sérstaklega meðal ungra stúdenta sem þrátt fyrir allt vilja halda áfram að mennta sig. Eiturlyfjaneysla og áfengisdrykkja hefur margfaldast. Vinnutíminn hefur aukist upp í 10-12 tíma á dag o.s.frv.

Menningin lifir þó og það má þakka ýmsum framsæknum hópum sem berjast hatrammri baráttu fyrir að halda uppi hinni mjög svo blómstrandi alþýðumenningu. Allt þetta leiðir svo til mikilla mótmæla, sem tekur á sig ýmiskonar myndir. Oftast er þó hér um að ræða skipulagða baráttu verkalýðstéttarinnar. Verkföllum fjölgar dag frá degi, og í ár var fyrsti maí haldinn hátíðlegur, í fyrsta skiptið í fimm ár, en þó í trássi við stjórnina. Í síðasta mánuði urðu miklar aðgerðir í kolahéruðum í norður hluta landsins, sem leiddu til þess að útgöngubann var sett þar á, og hundruðir námumanna fangelsaðir og pyntaðir. Á fundi sem haldinn var eftir þessar aðgerðir og "Verkalýðsforystan" boðaði til var henni einfaldlega kastað út úr húsakynnunum og haldinn var mjög öflugur baráttufundur þar sem mættir voru um það bil 5.000 námumenn. Daginn eftir voru allir sex ræðumenn fundarins teknir fastir og pyntaðir..

Ástandið endurspeglast líka í aðgerðum kirkjunnar og kröftugum mótmælum hennar. Einnig er að finna afleiðingar fasismans í Chile erlendis, helmingur af læknum starfar erlendis, og sama gildir raunar um allt háskólamenntað fólk, svo ekki sé talað um þá einu miljón flóttamanna sem flúið hafa land vegna pólitískra ofsókna.

3. Stjórnmálakreppan

Það er þó ekki að undra þó að hin pólitíska andstaða vaxi í Chile, og hún hefur leitt til þess að stjórnin hefur tekið vægar á málunum en hún gerði fyrir fimm árum síðan. Vinstri flokkarnir eru allstaðar að starfi um allt Chile í dag og meðlima fjöldi þeirra hefur aukist aftur eftir miklar ofsóknir á hendur þeim síðustu fjögur árin. Til dæmis hefur eitt mjög hægrisinnað dagblað "ERCILLA" haft viðtöl við þekkta forystumenn kommúnistaflokksins og komist að þeirri niðurtöðu að ekki sé hægt að neita þeim áhrifum sem flokkurinn hefur. Sú andstaða sem Kristilegi lýðræðisstaða sem er opinberleg í dag er hin borgarlega andstaða sem Kristilegi lýðræðisflokkurinn undir stjórn fyrrverandi forseta Frei hefur í frammi.

Það er einmitt þessi hópur sem í dag virðist vera eini möguleikinn sem fyrir hendi er, til að koma Pinochet frá völdum.

Einnig er að finna mjög breiða andstöðu sem við getum kallað "hina lýðræðissinnuðu" andstöðu" sem er hin framsækni hluti kristilega lýðræðis flokksins, kirkjunnar menn og fleiri.

Hin almennu slagorð í dag eru: burtu með Pinochet og lýðræðið aftur. Hin borgaralega andstaða krefst þess að Pinochet fari frá völdum og að fylgismenn hans fái enga tryggingu fyrir áframhaldandi valdastöðu, og að tryggður verði nútíma kapítalismi. Hinir alþýðlegu flokkar krefjast hinsvegar þjóðfélagslegra umbóta, aukið lýðræði og stjórn á efnahagsmálum, réttarhöldum yfir Pinochet, réttindi fólks verði tekin upp aftur. En til að vinna á móti þessari þróun hefur Pinochet reynt að auka sitt persónulega fylgi og skapa eins konar "Pinochetshreyfingu" en með slæmum árangri.

Seinni hluti þessarar greinar mun birtast í næsta blaði.

Jens Kristján Guð:

Melchior: Hljómsveit í mótun



Nýlega sendi hljómplötuútgáfan Iðunn frá sér nýja hljómplötu með leik og söng hljómsveitarinnar Melchior. Hljómplata þessi, sem heitir "Silfurgrænt ilmvatn" eftir einu lagi plötunnar, er ánægjulegt framlag til íslenskrar hljómplötuútgáfu, vegna þess að hún stingur svo mjög í stúf við hina hefðbundnu hljómplötuútgáfu hérlendis. Á "Silfurgrænu ilmvatni" eru hvorki amerískir sveitaslagarar, gamlar "lummur" né vélræn "disco"-tónlist.

Þó Melchior sé 5 ára gömul hljómsveit er hún tiltölulega lítt þekkt meðal almennings. Nafn hljómsveitarinnar sést sjaldan á prenti og hún leikur ekki á dansleikjum. Lesendur Stéttabaráttunnar ættu þó að kannast við hana. Hún flutti frumsamið efni á skemmtun KFÍ/ml fyrir síðustu kosningar og hún hefur skemmt á samkomum herstöðvaandstæðinga o. fl.

Það er auðséð á textum plötunnar að Melchior vill vera róttæk hljómsveit. En því miður fellur Melchior í sömu gryfju og svo margt annað tónlistarfólk sem vill vera róttækt. Textarnir hafa þveröfug áhrif á hlustandann. Höfundar textanna hafa nefnilega ekki vald á að koma háðskum ádeiluhugmyndum sínum fram svo vel fari. Þess vegna verður háð á lágkúruna og niðurlæginguna fyrir íslensku þjóðina að hér skuli vera selt úr amerískum ruslahaug (Söludeild varnarliðseigna) að ágætri auglýsingu fyrir útibú sorphaugsins á Grensásveginum. Ádeila á auðvaldsþjóðfélagið, sem býður verkamanninum upp á þau kjör að með því að hann vinni nánast allan sólarhringinn þá geti hann eignast íbúð sjálfur, verður ágætis stuðningsyfirlýsing við auðvaldskenninguna um heimska verkamanninn, sem velur sér sitt auma hlutverk sjálfur og er ánægður með það o. s. frv.

Frumsömdu textarnir eru það illa gerðir að Melchior ætti að taka textagerð sína til róttækrar endurskoðunar.

Halldór Gunnarsson, Þokkbótarmeðlimur, á þrjá texta á plötunni. Þeir eru allir góðir, en segja þó lítið.

Einu sinni létu meðlimir Melchiors hafa eftir sér í blaðaviðtali að lögin á plötunni séu algerlega ópólitísk. Þetta er jafn mikil vitleysa og að halda fram að hinn eða þessi textinn sé algerlega ópólitískur.

Öll lög eru pólitísk. Eðli þeirra býður upp á ákveðnar útsetningar og áherslur. Í flutningi hafa lögin því viss áhrif á hlustandann.

Víða erlendis er farið að nota tónlist til að auka afköst verkafólks við vinnu, til að örva fólk að kaupa í verslunum, til að lina þjáningar sjúklinga, til að örva hænur til varps og kýr til mjalta osf.

Þegar Bítlarnir og Rolling Stones lögðu vestræna unglinga að fótum sér á sjöunda áratugnum geystust fram á völlinn hægri sinnaðir sálfræðingar. Þeir vildu helst láta banna "bítlagargið" sem þessar hljómsveitir fluttu. Þeir bentu á að "bítlagargið" hefði þau áhrif á hlustandann að hann yrði uppreisnargjarn, gagnrýninn og árásahneigður. Sumir þessara sálfræðinga fullyrtu m. a. s. að þessar vinsælu hljómsveitir væru gerðar út af kommúnistum, sem hefðu uppgötvað sálrænan áhrifamátt rokktónlistar. En fjöldinn kunni of vel við tónlist Bítlanna og Rollinganna til að hann tæki mark á kommagrýlu sálfræðinganna. Ekki einu sinni þegar sálfræðingarnir fóru að rökstyðja mál sitt nokkrum árum seinna með því að bítillinn John Lennon væri farinn að gagnrýna auðvaldskerfið og syngja og semja baráttutexta fyrir verkalýðinn, og að Rollingarnir fögnuðu Kennedydrápinu og segðu það vera átak okkar.

Tónlist er ennþá pólitískari þegar hún er sungin með texta. Þá verður lagið að taka afstöðu með textanum - eða á móti honum. Tónlist Bítlanna og Rollinganna er mjög hvetjandi og mörg laga þessara hljómsveita beinlínis heimta að hlustandinn samþykki textana sem eru sungnir við þau.

Það skal hiklaust fullyrt að rokktónlistin hafi haft einhver áhrif á vinstri sveifluna, sem er svo oft kennd við hippahreyfinguna, á seinni part sjöunda áratugsins

Það er alveg út í hött að benda á Vietnamstríðið sem eina áhrifavald þess. En það er gott að benda á Vietnamstríðið í áróðri gegn auðvaldi og heimsvaldastefnu. Tónlist á plötum sem seljast í milljarða tali hlýtur líka að hafa áhrif.

Ég hef oft heyrt fólk draga í efa áhrifamátt tónlistarinnar. Því vil ég benda á þá svakalegu og öflugu hreyfingu sem And-nasistahreyfingin í Bretlandi er orðin á nokkrum mánuðum. En það þurfti ekki nema einn mann, Tom Robinson, til að drífa hreyfinguna upp í það að verða að öflugri fjöldahreyfingu, sem fær stórt pláss í breskum blöðum og yfir 90.000 manns á eina útihljómleika hjá sér. Og hreyfingin heldur áfram að stækka svo ört að einhvern tíma á næstu mánuðum mun ekki þykja mikið að 150.000 manns sæki eina útihljómleika hjá henni. Tónlistin sem Tom Robinson leikur er gróft og kraftmikið rokk sem fyllir hlustandann baráttuhug og þrótti.

Lögin á "Silfurgrænu ilmvatni" eru algerar andstæður laga Tom Robinsons. Þau eru róleg og slævandi.

Þrátt fyrir ýmsa stóra galla á "Silfurgrænu ilmvatni" gleðst ég yfir því að eitt lagið á henni, "Alan", skuli hafa náð vinsældum í útvarpinu. Með þessari plötu sýnir Melchior nefnilega að við miklu megi búast við af henni í framtíðinni, - svo framarlega sem hún tekur þessa grein til athugunar.

Melchior er hljómsveit í mótun. Meðlimir hennar hafa vinstrisinnaðar skoðanir en þeir hafa ekki lag á að reka áróður fyrir þeim í bundnu máli. Hljómsveitin hefur yfir að ráða mjög góðum og melódískum lagasmiðum. Þá vantar þó þróttinn og kraftinn sem t.d. Spilverk Þjóðanna hefur. Hljóðfæraleikur og söngur er góður. Þó mega karlsöngvararnir gjarnan taka sig alvarlega.


Framhald á síðu 2.



Frá 80.000 manna fundi and-nasistahreyfingarinnar í Englandi

Tvö ár frá dauða Maó Tsetung

Þann 9. september voru liðin 2 ár frá dauða Maó Tse-tungs. Þessi 2 ár hafa verið afgerandi fyrir framtíðarþróun Alþýðulýðveldisins Kína. Maó Tse-tung veitti kínverskri alþýðu farsæla leiðsögn meðan hann lifði og við dánardægur hans, stóð Kína frammi fyrir stökkbreytingu á flestum sviðum. Hin afdrifaríka Menningarbylting sem hófst árið 1966 og umturnaði yfirbyggingu kínverks þjóðfélags að miklu leyti, hafði kallað á skarpari skil milli hinna tveggja andstæðu afla sem bitust um yfirráðin yfir Kína. En vegna vinsælda Maó Tse-tung meðal kínverkrar alþýðu, kenndu ekki aðeins fylgismenn hans sig við hann, heldur einnig fjandmenn hans. Andstæðingar Maó og Kínversku byltingarinnar voru ekki einvörðungu utan landsteinanna eða flokksins, heldur höfðu þeir hreiðrað um sig í æðstu stjórnarembættum lands og flokks. Þaðan réðust þeir gegn landvinningum kínversku byltingarinnar, í nafni Maó Tse-tung þessi skaðlega starfsemi "fjórmenninganna" sem voru nefndir eftir 4 höfuðpaurum þeirra, ógnaði ekki aðeins fengnum ávinningum byltingarinnar, heldur hefði hún leitt til þess að sósíalisminn hefði beðið ósigur í Kína og kapítalisminn verið endurreistur þar. En Maó Tse-tung veitti landi sínu og þjóð ekki aðeins leiðsögn á sviði skæruhernaðar og almennra stjórnmála, hann skilgreindi stéttbaráttuna í þjóðfélagi sósíalismans og komst að þeirri niðurstöðu að fjandmenn byltingarinnar væri ekki aðeins að finna utan flokksins, heldur einnig og jafnvel enn frekar innan hans. Pólitísk skarpskyggni og vísindarlegar rannsóknaraðferðir hans afhjúpuðu starfsaðferðir og skipulagningu stéttarandstæðinganna og gerðu flokknum kleyft að brjóta valdaránstilraunir þeirra á bak aftur í tæka tíð. Nánasti samstarfsmaður Maós, Chou En-lai fyrrum forsætisráðherra Kína, stóð við hlið Maós í baráttunni fyrir því að Kína yrði byggt upp sem voldugt iðnaðarríki og sósíalískt land. Fyrir vikið hlaut hann aðkast frá "fjórmenningunum" sem reyndu að bera hann þeim fölsku sökum að hann hafi vikið af réttri braut og snúist gegn stefnu Maós formanns. Glöggskyggni Maós formanns reyndist enn einu sinni yfirsterkari fjandmönnum flokksins. Í stað þess að styðja klíkubaráttu "fjórmenninganna" eins og þeir höfðu sjálfir ætlast til, veitti hann núverandi formanni flokksins, Hua Kuo-feng allan stuðning sinn. Eftir lát Maó formanns, reyndu "fjórmenningarnir" að grípa völdin en Hua Kuo-feng reyndist verðugur þess trausts sem Maó bar til hans, hann tók til sinna ráða og gerði valdadrauma "fjórmenninganna" að engu á skammri stundu. Kína var enn einu sinni bjargað frá rangri braut vegna þess að flokkurinn framkvæmdi stefnu Maó formanns og tengdi almenn sannindi marxismans þjóðlegum séraðstæðum Kína.



Mao Tse-tung meðal vina.

En eftir dauða Maó formanns hafa ýmsir orðið til þess að snúast gegn Kína, sem ekki þorðu að andæfa stefnu kínverska flokksins opinskátt meðan hann lifði. Deilurnar hafa einkum snúist um kenningu Maó Tse-tung um aðgreiningu þriggja heima. Kenning þessi er einn merkasti áfangi samtíma marxískra rannsókna og ómissandi leiðarsteinn öllum þeim sem óska eftir að skilja hið flókna og margbætta ástand sem ríkir í veröld samtímans. Kenning Maó formanns um aðgreiningu þriggja heima markar tímamót í þróun marxismanx-lenínismans á eftirstríðsárunum.

2 ár eru liðin frá dauða Maó formanns - 2 stormasöm ár sem enn einu sinni hafa sannað umheiminum lífsþrótt og hæfni þeirra kenninga sem hann mótaði á grundvelli marxismans. Ævistarf hans og hið mikla framlag til frelsunar mannkynsins undan kúgun og arðráni, mun alltaf lifa í hugum verkafólks og alþýðu manna, hvarvetna í veröldinni.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
34. tbl. Þriðjudagur 12. september 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Gjaldþrota pólitík Sadats

Allar "tilraunir" Sadats Egyptalandsforseta til að koma á friði í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins hafa hingað til gjörsamlega mistekist. Nýjasta "tilraunin", með Camp David fundinum er einnig dæmd til að bera jafnlítinn árangur og hinar fyrri. Beginklíkan og aðrir leiðtogar síonistanna sem ráða Ísreal, standa gegn öllum tilraunum til þess að semja frið í Miðausturlöndum. Yfirlýsingar Begins bera ekki vott um neinn sveigjanleika. Begin hafnaði jafnvel tilboði Sadatsum að halda Leeds Castle-viðræðunum áfram í Al-Arish eftir að henni hafði verið skilað aftur undir egypsk yfirráð ásamt Mount Sinai. "Moses mun reiðast okkur ef við skilum aftur Mount Sinai" fullyrti Begin. En Sadat lofaði að hætta ekki "tilraunum" sínum og lýsti yfir fullum vilja til að taka upp viðræðurnar að nýju ef ísraelsmenn hefðu eitthvað nýtt fram að færa. Þar af leiðandi sendi hann hernaðarlega sendinefnd ísraelsmanna, sem hafði aðsetur í Karíó heim aftur í egypskri flugvél.

Sadat hóf áróðursherferð gegn Begin. Sadat ásakaði Begin fyrir að vera aðalhindrunin í vegi fyrir friði og lýsti yfir þeirri ósk sinni að hann myndi falla úr sessi og Ezer Weisman, maðurinn sem hann "treystir" tæki við. Hins vegar



Sadat

hitti Sadat Shimon Peres leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Vínarborg í þeirri von að skapa sundrungu innan raða ísraelsmanna. En þegar Ísraelsstjórn hittist lýstu allir ráðherrarnir yfir stuðningi sínum við Begin.

Það verður augljósara með degi hverjum að ísraelsmenn vilja ekki frið og að allt þeirra tal um "örugg og verjanleg" landamæri er aðeins til þess gert að blekkja almenningsálitið í heiminum. Ísraelsmenn nota þessar staðhæfingar aðeins til að gefa sér rýmri tíma fyrir útþenslustefnu sína. Að nota álíka rök eins og "Moses verður reiður" er aðeins gert til að styðja við stefnu síonismans um að landamæri Ísraels skuli vera þau sem í Biblíunni er rætt um, þ.e. gamla Ísrael nái milli fljótanna Efrat og Nílar. Við megum ekki gleyma því að Moses var frá Egyptalandi og Abraham var frá Írak. Staðreyndin er sú að ísraelsmenn hafa nú þegar stofnað til búsetu á yfir hundrað stöðum á hernumdu arabísku landi í Sinai, Golan, Vesturbakkanum og Gaza.

Viðræðupólitík Sadat hefur ekki hindrað ísraelsmenn í að framkvæma útþenslustefnu sína þvert á móti hefur þessi stefna haft áhrif í þá átt að gera þá ennþá sjálfsöruggari og ósamvinnuþýðari. Frá því að Sadat hóf "tilraunir" sínar í nóvember 1977 hefur það verið hann sem hefur farið halloka. Hann hefur skaðað málstað palestínuaraba og sundrað samstöðu araba. Hann sleit einnig tengslin við Sovétríkin, sem hafa séð egypska hernum fyrir langmestum hluta þeirra vopna sem hann notar. Sadat gerði sitt besta til að gerast náinn vinur Bandaríkjanna og annara vesturlanda, en það hefur ekkert hjálpað honum og honum hefur heldur ekki tekist að endurnýja vináttu sína við Sovétríkin. Innan arabaheimsins verður Sadat sífellt einangraðari og jafnvel "sósíaldemókratískur" flokkur mun ekki stöðva þá óheillaþróun sem átt hefur sér stað í Egyptalandi og komið í veg fyrir gjaldþrot landsins.



1948



Börn í flóttamannabúðum.



Flóttafólk frá 1967

1948 réðust síonistar á bæinn Deir-Yasseen og drápu þar 349 manns karla, konur og börn. Mörgum árum síðar fann ísraelskur herdómstóll foringja Irgun-hópsins sekan um stríðsglæp, og var hann dæmdur til að borga 1 (eitt) ísraelskt pund í sekt.

Ríkisstjórn Carters hefur hins vegar hvatt Sadat til að halda áfram "tilraunum" sínum. Hún er einnig mjög framarlega í mannréttindabaráttu alls staðar í heiminum, en þar er palestínufólk undanskilið. Ríkisstjórn Carters hafði gífurlegan áhuga á tveimur sovéskum andófsmönnum, aðeins vegna þess að þeir voru gyðingar, að örlög fjögurra milljóna palestínumanna skiptu hana engu. Palestínska þjóðin, sem hefur þjáðst í yfir 30 ár vegna grimmdarverka og hernáms ísraelsmanna skipta Carter og ríkisstjórn hans engu. Hingað til hefur forseti Bandaríkjanna ekki stöðvað vopnasendingar til Ísrael, en hann stöðvaði samstundis sölu á tækjum til sovésku fréttastofunnar.

Afskipti Bandaríkjanna í Miðausturlöndum sem og annars staðar mun aðeins gera pólitíska ástandið enn alvarlegra. Þessi afskipti munu aðeins leiða af sér ný stríð, eyðileggingu og blóðsúthellingar.

P. L. O. þekkir eðli síonismans og fyrirætlanir hans í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Þess vegna getur P. L. O. sagt fyrir um að "tilraunir" Sadat eru fyrirfram dauðadæmdar. P. L. O. hefur ráðlagt Sadat að hætta að stóla á góðvilja Begins og innantóm loforð besta bandamanns Ísraels, Bandaríkja Norður-Ameríku.

„Lýðréttindi" í V-Þýskalandi

Miðvikudaginn 6. september síðastl. kvað Mannréttindadómstóll Evrópuráðsins upp úrskurð í deilumáli er reis upp vegna laga sem leyfa símahleranir í V-Þýskalandi. Mál þetta var lagt fram af fimm lögfræðingum. Töldu þeir að lög þessi sem eru frá 1968, brytu í bága við friðhelgi einka og heimilislífsins. Það sýnir vel hverjir eru hagsmunir þeir sem Mannréttindadómstólnum er ætlað að þjóna, hver niðurstaða þessa máls varð, en hann taldi að lög þessi væru mikilvæg öryggi landsins og baráttunni gegn glæpum. Það er að sjálfsögðu augljóst mál að með lögum þessum er lögregluyfirvöldum í V-Þýskalandi rudd braut að hvers konar persónunjósnum og skiptir þá ekki máli hvers konar afbrot fórnardýrið á að hafa drýgt. Til þess að fá betra yfirlit yfir umfang það sem þessi geta veitt lögreglu landsins, skulum við athuga aðeins hvað er ólögleg starfsemi í V-Þýskalandi í dag. Á fimmta áratugnum voru samþykkt lög sem bönnuðu starfsemi þýska kommúnistaflokksins og var það helgað með því að sá flokkur ætlaði að steypa þjóðfélagskerfinu með valdi. Ekki var það svo að Kommúnistaflokkurinn hafi á þessum tíma staðið fyrir vopnuðum árásum á valda stofnanir þýskrar borgarastéttar, heldur var hér átt við þá fullyrðingu kommúnista að ríkið og skipan borgaralegs þjóðfélags væru sniðnar til að tryggja arðránsréttindi borgarastéttarinnar. Ennfremur væri þingræðið ekkert annað en dula sem borgarastéttin notar, með misjöfnum árangri (afnemur algjörlega ef henni finnst arðránsskipulagi sínu ógnað, til dæmis Hitlers Þýskaland.), til þess að dylja kúgun sína á þeim sem framleiða öll lífsgæði þjóðfélagsins. Kommúnistar hafa sýnt fram á að



Hans Martin Schleyer er hér fremstur á myndinni, á fundi v-þýska atvinnurekendasambandsins.

borgarstéttin hefur völdin í þjóðfélaginu, og að hún lætur ekki völd þessi af hendi nema verkalýðurinn hafi eitthvað í höndunum sem veitir honum völd, það er vopn. Það er að verkalýðurinn þarf á vopnum að halda til að koma í veg fyrir að borgarastéttin svifti hann ekki öllum lýðréttindum. (með hjálp málaliðs það er her og lögreglu). En vestur-þýsk stjórnvöld gengu lengra en þetta. Allir þeir sem sýna minnsta vilja til að breyta stjórnarskrá landsins þannig að verslun með vinnuafl yrði ólögleg fá ekki vinnu hjá þýska ríkinu. Af þessu sést að þýsk yfirvöld líta á að þessi hugsunarháttur sé ólöglegur og næg ástæða til að svifta einstaklinga þessum mannréttindum. Nú skyldu einhverjir halda að þetta væru syndir þýsku íhalds flokkanna, en þeir fóru með völd á þessum tíma, en þýski sósíaldemókrataflokkurinn sem nú stjórnar skipulagningunni á þýska arðráninu hefur ekki afnumið þessi lög nema hvað varðar þýska kommúnista flokkinn, en hann starfar nú undir öðru nafni í Vestur-Þýskalandi, reyndar aðeins vegna þess að stjórnin hefur ekki séð ástæðu til þess að beita gömlu lögunum, en það getur hún gert ef henni sýnist svo. Nei, lögin hafa ekki verið breytt í lýðræðislegra horf. heldur hafa sósíaldemókratarnir bætt við öðrum nýjum sem skerða frelsið enn meir. Sam-

leyfilegt að hvetja til neinna aðgerða er geta haft "ofbeldi í för með sér", það virkar þannig að t. d. að hvetja til að verkalýður á ákveðnum vinnustað loki honum til þess að leggja áherslu á kjarakröfur, er ólöglegt athæfi. Með því að persónunjósnir eru nú löglegar aðferðir af hálfu lögregluyfirvalda geta þeir með þeirra hjálp fengið menn dæmda fyrir svo lítið að nefna þetta við kunningja sína hvað þá meir.

Nú munu eflaust einhverjir segja að þetta sé nokkuð hörð orð, því að lögreglu er ekki ætlað annað hlutverk að vernda fólk gegn glæpum, og þetta sé aðeins gert til að bæta vinnuaðstöðu hennar. En við skulum gera okkur aðeins ljósari grein fyrir hvernig þýska lögreglan vinnur og þá um leið hvað hún raunverulega er í Þýskalandi dagsins í dag.

Meðan leitin að Bader Meinhoff hópnum stóð sem hæst þá stóð þýska lögreglan að nokkrum morðum á venjulegu fólki er ekkert kom þessu máli við, án þess að þeir sem það framkvæmdu væru sóttir til saka.

Maður einn sem sat í bíl fyrir utan hús er lögreglan áleit að Bader Meinhof hópurinn hefði komið í, var honum skipað að stíga út úr bílnum af þýskum lögregluþjóni. Var maðurinn skotinn í hnakkann þegar hann var að stíga út úr bílnum. Lögreglumaðurinn bar því við að hann hefði haldið að maðurinn hafi verið að seilast eftir byssu, en við nánari athugun reyndist maðurinn vopnlaus. Annað dæmi: Skoskur kaupsýslumaður á ferð í Þýskalandi var skotinn er hann gerði þá villu að skella aftur hurð á hótelherbergi sínu í fáti er hann sá að þeir sem barið höfðu að dyrum voru menn vopnaðir hríðskotabyssum. Hann leit þó ekki út fyrir að vera vopnaður því hann var að koma úr baði. Var hann aðeins klæddur einu handklæði. Ekki reyndist hann heldur hafa í fórum sínum nein vopn. Af nógu er að taka um ofbeldis aðgerðir þýsku lögreglunnar en látum nýliðinn atburð vera síðasta dæmið að þessu sinni.

Einn af þeim mönnum sem leitað er af í Þýskalandi vegna morðsins á formanni þýska atvinnurekendasambandsins Hans Martin Schleyer (hann var reyndar hér áður fyrr betur þekktur sem einn af leiðandi mönnum í ungherjahreyfingu þýsku nasistanna og sem foringi í SS) var sagður sitja í kaffihúsi. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn og einn þeirra gekk að þeim grunaða og bað hann um persónuskilríki. Er maðurinn stakk hendinni í vasann, skaut lögreglumaðurinn hann. Lögreglan heldur því fram að maðurinn hafi gripið til byssu og því hafi verknaðurinn verið nauðvörn. En margt bendir til þess að sú saga standist ekki. Til dæmis sáu þeir blaðamenn er komu á staðinn strax eftir tilræðið.

framhald á síðu 2.